



# Iðjubjálfafélag Íslands

Borgartúni 6 – 105 Reykjavík – S. 588 1885

*Alþingi*

*Erindi nr. P 135/366*

*komudagur 22.11.2007*

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 21.11.2007


Efni: Umsögn Iðjubjálfafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um eflingu kennslu í heilbrigðisvísindum í Háskólanum á Akureyri.

Stjórn Iðjubjálfafélags Íslands fagnar tillögu til þingsályktunar um að efla kennslu í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að mikil skortur er á hjúkrunarfræðingum og tekur stjórn IPÍ undir þetta og mikilvægi þess að komið verði til móts við þennan skort. Rétt er að benda á að einnig vantar mikið upp á að þörf fyrir þjónustu iðjubjálfa sé fullnægt. Frá árinu 2001, þegar brautskráð var í fyrst sinn, hafa 91 iðjubjálfi lokið námi. Þrátt fyrir þessa fjölgun er enn töluvert um lausar stöður iðjubjálfa bæði á stærsta sjúkrahúsi landsins, Landsspítala og víðar. Tilfinnanlega vantar iðjubjálfa til starfa með öldruðum á dvalar- og hjúkrunarheimilum, bæði á Höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni og það sama á við um þjónustu við börn.

Stefnt er að því að bjóða fjarnám í iðjubjálfun við Háskólann á Akureyri frá hausti 2008. Við teljum þetta mikilvægt spor í þá átt að gefa fleirum tækifæri til að stunda þetta nám þar sem töluverður kostnaður getur hlotist af því að þurfa að flytja búferlum til að stunda nám. Stjórn IPÍ vill benda á að fleira þarf að koma til en fjölgun námsplássu til að fjölga í stétt iðjubjálfa. Gera þarf starf iðjubjálfa eftirsóknarverðara m.a. með því að bæta launakjör iðjubjálfa og á það jafnframt við um fleiri stéttir sem starfa í heilbrigðisþjónustu. Einnig leggjum við til að komið verði til móts við nemendur sem stunda þurfa vettvangsnám, á 4 tímabilum frá 4 til 8 vikum, víða um land og m.a. á Höfuðborgarsvæðinu, með t.d. námsstyrkjum til að standa straum af leigu á húsnæði.

Virðingarfyllt  
f.h. stjórnar IPÍ

  
Ljía Ingvarsson formaður